

Mál nr. 184/2014
M
og V v/ ferðarofstryggingar í fjölskyldutryggingu og greiðslukortatryggingu.

Veikindi á ferðalagi 25.-29. apríl 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 17. júní ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 8. júlí 2014 ásamt vátryggingarskilmálum.

Málsatvik.

M fór í ferð til Bretlands ásamt fjölskyldu sinni þann 25.apríl 2014 og var fyrirhuguð heimferð 28.apríl sama ár. M kveðst hafa veikt að kvöldi 26. apríl og aðfarnótt 28. apríl hafi hún leitað á sjúkrahús vegna veikindanna. Ekki hafi síðan orðið að fyrirhugaðri heimferð fyrr en 29.apríl vegna atvika sem vörðuðu bilun í flugvél þeirri sem M átti far með heim.

M telur að hún eigi rétt til bóta vegna ferðarofs og ferðatafa úr vátryggingum sínum hjá V og telur að ferð hennar hafi verið rofin strax 26. apríl þegar veikindi hennar komu upp og fer yfir ferðasögu fjölskyldunnar í málskoti.

V telur að skilyrði vátryggingarskilmála til greiðslu bóta séu ekki uppfyllt. Í fyrsta lagi sé ekki um ferðarof að ræða í skilningi gr. 8.5.1. í B-hluta VI. kafla vátryggingarskilmála fjölskyldutryggingar þar sem ferð M hafi ekki verið rofin skv. fyrirmælum læknis áður en hún var hálfnuð eða M hafi legið á sjúkrahúsi meira en helming ferða eins og ákvæðið geri kröfu um. Einnig bendir V á að ákvæði vátryggingarskilmála greiðslukortatryggingar M nái heldur ekki til atviksins, sbr. orðalag í gr. 4.4. og 4.6. en skilyrði þeirra greina séu ekki uppfyllt.

Álit.

Það sem skiptir máli í atvikum máls M er að hún veiktist í fyrirhugaðri þriggja sólarhringa ferð til Bretlands. Þó veikindi hafi komið upp daginn eftir komu leitaði M ekki á sjúkrahús fyrr en stuttu áður en hún átti að fljúga heim. Vegna atvika sem varða flugfélag M komst hún ekki heim fyrr en sólarhring síðar en fyrirhugað var. Þó þessi staða hafi verið óþægileg fyrir M verður ekki séð að skilyrði vátryggingarskilmála um greiðslu bóta vegna atvika séu uppfyllt. Ferð var hvorki rofin í þeim skilningi að M hafi þurft að fara fyrr heim eða stytta dvöl sína skv. fyrirmælum læknis né lá hún á sjúkrahúsi meira en helming ferðarinnar. Skilyrði til greiðslu bóta skv. gr. 8.5.1 í skilmálum fjölskyldutryggingar eða gr. 4.4. eða 4.6. í skilmálum greiðslukortatryggingar eru því ekki uppfyllt og ekki tilefni til bótaskyldu úr þeim vátryggingum.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu eða greiðslukortatryggingu hjá V.

Reykjavík 12. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.